
Framleiðsla á allt að 500 tonnum af laxaseiðum í Sveitarfélaginu Ölfusi

Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 21. maí 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Laxar fiskeldi ehf. um 500 tonna framleiðslu á laxaseiðum á ári í Þorlákshöfn, í Sveitarfélaginu Ölfusi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og lið 1.11 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: 500 tonna framleiðsla á laxaseiðum á ári að Laxabraut 9 í Þorlákshöfn, maí 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 8. júlí 2016.
- Matvælastofnun bréfi dags. 13. júní 2016.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 13. júlí 2016.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 28. júlí 2016.

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd taki til framleiðslu á allt að 500 tonnum af laxaseiðum á ári og sé ætlunin að byggja ferskvatnsstöð en jafnframt sé gert ráð fyrir eldiskerjum með jarðsjó á lóðinni.

Fram kemur að fyrirhuguð fiskeldisstöð verði hönnuð samkvæmt nýjustu tækni þar sem lögð verði áhersla á að full stýring verði fyrir hendi á lykilþáttum, svo sem vatnsnotkun, hitastigi, eldistækni, meðhöndlun fisks og frárennsli.

Fram kemur að seiðaeldið verði í 13 m háu stálgrindarhúsi sem reist verður á lóð félagsins. Gert er ráð fyrir 15.000 m³ eldisrymi við hönnun stöðvarinnar. Þar af 3.200 m³ í seiðaeldisstöð í áðurnefndu stálgrindarhúsi þar sem staðsett verða átta 12 metra ker, hvert um sig 4 metrar á hæð og 400 m³. Á lóðinni er síðan gert ráð fyrir átta útikerjum með sjóvatni sem hvert um sig verður 1000-2000 rúmmetrar. Samtals verður um að ræða 12.000 m³. Á lóðinni er einnig gert ráð fyrir nokkrum byggingum tengdum starfsemi, meðal annars dæluhúsi, verkstæði og spennistöð.

Fram kemur að lögð verði áhersla á varnir gegn smiti og því verði stöðin hönnuð með sóttvarnir í huga. Smit geti borist frá fólki, dýrum eða villtum fiski.

Á lóðinni verður sérstakt starfsmannahús með búningasklefum, salerni, eldhúsi og annarri aðstöðu.

Tekið er fram að athafnasvæði stöðvarinnar verði afgirt og aðgangur bannaður öllum óviðkomandi aðilum.

Fram kemur að eldi á 500 tonnum af laxaseiðum krefjist um 150.000 m³ af sjóvatni/jarðsjó og um 30.000 m³ af ferskvatni. Fyrirhugað sé að Vatnsveita Þorlákshafnar tryggi starfsemi neytluvatn en



ætluin sé að bora eftir köldu vatni og jarðsjó til starfseminnar á lóð félagsins. Fram kemur í greinargerðinni að fyrirhuguð vatnstaka muni ekki hafa neikvæð áhrif á vatnsbúskap svæðisins eða annarrar starfsemi sem fyrir er á svæðinu.

Fram kemur að frárennsli frá botni eldiskeranna muni renna í sérstakan kassa þar sem úrgangur og dauður fiskur muni safnast. Til að hamla því að fiskur berist út úr stöð með affalli verði járngrindur í farveginum en frárennslinu síðan veitt til sjávar um sérstaka lögn en klóak verði sett í rotþró.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð Laxa fiskeldis ehf. er fjallað um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á nokkra umhverfisþætti.

Ásýnd. Fram kemur að tilkoma iðnaðarsvæðis fyrir seiðaeldisstöðina vestan og sunnan Þorlákshafnar muni óhjákvæmilega breyta ásýnd svæðisins sem er óbyggt í dag. Svæðið er að mestu þakið sandopnum nútímahraunum sem njóta verndar samkvæmt náttúruverndarlögum Svæðið er þó í eðlilegu framhald af aðliggjandi iðnaðarsvæði þar sem iðnaðarmannvirki eru staðsett fyrir. Mænishæð fyrirhugaðra bygginga verður um 12,5 m og vegghæð mest 9 m. Áhrif á ásýnd séu því óveruleg.

Samfélag. Fram kemur að uppbygging seiðaeldisins hafi í för með sér styrkingu atvinnulífs í sveitarfélaginu þar sem að minnsta kosti 6 ársstörf muni skapast auk afleiddra starfa.

Umferð. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að allt að 15 starfsmenn starfi á svæðinu og heildar vöruflutningar til og frá svæðinu þegar það er fullbyggt verði um 1.200-1.500 tonn á ári sem sé óverulegt magn á ársgrundvelli. Þannig verði áhrif á umferð lítil sem engin og auk þess staðbundin.

Hávaði frá búnaði. Fram kemur að hávaði frá vélbúnaði á svæðinu verði innan marka reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Hávaði frá umferð verði einnig óverulegur.

Vatnsöflun. Fram kemur að allur sjór sem þarf til eldisins við Laxabraut muni koma frá borholum innan deiliskipulagssvæðisins og verði vöktun á rennsli og samsetningu sjávar og borun gerð í samráði við Orkustofnun. . Dæling úr fyrirhuguðum borholum á athafnasvæði Laxa fiskeldis ehf. muni ekki hafa nein teljandi áhrif á upptöku vatns hjá öðrum fyrirtækjum í nágrenninu enda talsverð fjarlægð á milli stöðvanna.

Næringarefnalosun. Fram kemur að neikvæð áhrif framkvæmdar sé aukin næringarefnalosun út í sjó. Hins vegar beri að líta til þess að viðtaki næringarefna sé Atlantshafið sem teljist síður viðkvæmur viðtaki. Endurnýjun vatns sé mikil og styrkur næringarefnanna muni því þynnast hratt. Viðkvæmni viðtaka sé ekki mikil þar sem um sé að ræða opið haf og stórbrimasamt strandsvæði. Mengandi áhrif á sjó og strandsvæðið vegna rekstrarins ættu því að vera í lágmarki. Framkvæmdaraðili telur að auki að engar líkur séu á sammögnunaráhrifum eða samlegðaráhrifum af annarri starfsemi á svæðinu þó fráveita úr stöð sé til hafs. Helgist það af fjarlægð milli starfsstöðva, eðli starfseminnar og náttúrulegra aðstæðna. Mikið dýpi og sterkir straumar séu úti fyrir suðurströndinni og það tryggi hraða endurnýjun sjávar sem leiði til þess að hverfandi hætta verði á uppsöfnun næringarefna vegna frárennslis frá eldisstöðvum í nágrenni Þorlákshafnar.. Fiskeldi getur haft í för með sér óverulega aukningu á magni næringarefna úti fyrir ströndinni við framkvæmdarsvæði en ofgnótt næringarefna í sjó getur leitt af sér offjölgun þörungna. En í ljósi strauma og þynningarhraða er ekki að óttast uppsöfnun næringarefna að mati framkvæmdaraðila. Tekið er fram að við strendur Íslands séu litlar sem engar ástæður til að óttast vandamál tengd næringarefnauðgun. Heilt yfir eru því umhverfisáhrif metin óveruleg vegna næringarefnalosunar.

Áhrif á aðra fiskistofna. Fram kemur að þar sem um landeldi sé að ræða í kerjum sé enginn möguleiki á að fiskur sleppi né að dauður fiskur skili sér út úr stöðinni, t.d. með affallsvatni. Frárennsli stöðvarinnar muni fara í gegnum stálgrindur sem varna sleppingum.



Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat um þá þætti sem snúa að sjúkdómum. Að mati stofnunarinnar mun strandeldi Laxa fiskeldis ehf. ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang þeirra villtu fiskistofna sem fyrir eru í nálægu vistkerfi.

Í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss kemur fram að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum þar sem aðstaða á fyrirhuguðu athafnasvæði sé mjög góð og viðtaki fyrir fráveitu einnig mjög góður. Framkvæmdin sé í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um uppbyggingu á svæðinu og í samræmi við staðfest aðalskipulag.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að stofnunin telji fyrirhugaða framkvæmd ekki háða mati á umhverfisáhrifum. Ekki séu heimildir til um fornleifar á svæðinu og engar fornleifar hafi heldur fundist við könnun svæðisins.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Skipulag og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdarleyfi og byggingarleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, sbr. reglugerð um byggingarleyfi nr. 112/2012. Einnig starfsleyfis frá Umhverfisstofnun á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Að auki er starfsemin háð rekstrarleyfi Matvælastofnunar. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við gildandi Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða 500 tonna framleiðslu á laxaseiðum á ári í Þorlákshöfn, í Sveitarfélaginu Ölfusi. Ætlunin er að byggja ferskvatnsstöð en jafnframt er gert ráð fyrir eldiskerjum með jarðsjó á lóðinni. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1.11 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði vegna næringarefnalosunar út í sjó en viðtakinn er Atlantshafið og telst því síður viðkvæmur og því ekki líkur á að næringarefni safnist upp að neinu ráði vegna áhrifa mikils dýpis og strauma á stórbrimasömu strandsvæði. Skipulagsstofnun telur að vatnstaka vegna starfseminnar sé ekki líkleg til að hafa teljandi áhrif á grunnvatn þarfehf sem á svæðinu er stór samfelldur grunnvatnsstraumur og Atlantshafið leggur til nægjanlegan jarðsjó. Ásýnd svæðisins mun breytast nokkuð þar sem fyrirhugað er að byggja á svæði sem er óbyggt í dag. Svæðið er hins vegar í næsta nágrenni núverandi iðnaðarsvæða, byggingar frekar lágar og því ekki líklegt að ásýndarbreytingar verði verulegar með tilkomu starfseminnar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Laxa fiskeldis ehf. við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framleiðsla á allt að 500 tonnum af laxaseiðum í Sveitarfélaginu Ölfusi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 1.-3. tölul. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Laxar fiskeldi ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun



á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 5. september 2016.

Reykjavík, 3. ágúst 2016

Jakob Gunnarsson

Inga Birna Ólafsdóttir